

Fundargerð 415

Mánudaginn 28. apríl 2014 kl. 10:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar í menningahúsinu Miðgarði, Skagafirði. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Þóroddur Bjarnason, stjórnarformaður, Matthildur Helgadóttir Jónudóttir, Ólafía Jakobsdóttir, Ólöf Hallgrímsdóttir, Rögnvaldur Ólafsson og Valdimar Hafsteinsson. Guðmundur R. Gíslason boðaði forföll. Auk þeirra sátu fundinn; Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Elín Gróa Karlsdóttir forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs, Snorri Björn Sigurðsson, forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 10:02

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Áætlun um skýrslugjöf til stjórnar eftir mánuðum
3. Framfylgd rekstrar- og starfsáætlunar 2014
4. Framfylgd jafnréttisáætlunar – lagt fram
5. Yfirlit um gjaldeyrisjöfnuð – lagt fram
6. Staða lánasafns Byggðastofnunar – lagt fram
7. Fundargerðir lánanefndar
8. Átak um lækkingu orkukostnaðar í brothættum byggðum
9. Viðbrögð við bráðum vanda sjávarbyggða – minnisblað formanns og forstjóra
10. Önnur mál
11. Næsti fundur

1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður bar upp fundargerðir funda nr. 413 og 414 og voru þær samþykktar samhljóða og dreift til undirritunar.

2. Áætlun um skýrslugjöf til stjórnar eftir mánuðum

AÐ kynnti áætlun um skýrslu- og upplýsingagjöf til stjórnar um helstu þætti rekstrar stofnunarinnar.

Áætlunin lögð fram og samþykkt samhljóða.

3. Framfylgd rekstrar- og starfsáætlunar 2014

AÐ lagði fram yfirlit yfir rekstur stofnunarinnar fyrstu 3 mánuði ársins, sundurliðun á almennum rekstrarkostnaði og rekstri fullnustueigna. Þá var farið yfir stöðu á einstökum verkefnum á starfsáætlun. Að auki var dreift yfirliti yfir kostnað á verkefninu Brothættar byggðir.

4. Framfylgd jafnréttisáætlunar – lagt fram

Skv. 7. gr. jafnréttisáætlunar Byggðastofnunar sem samþykkt var í október 2013 ber að leggja fram yfirlit yfir framkvæmd jafnréttisáætlunar. AÐ og MH lögðu fram yfirlit yfir framkvæmd jafnréttisáætlunar 2013.

5. Yfirlit um gjaldeyrisjöfnuð – lagt fram

MH fór yfir minnisblað um stöðu gjaldeyrisjöfnuðar í lok mars. Staða gjaldeyrisjöfnuðar var örlítið jákvæð í lok mars sem skýrist af litlum mun milli eigna og skulda í erlendum myntum.

6. Staða lánasafns Byggðastofnunar – lagt fram

EGK fór yfir minnisblað um stöðu útlánasafns í lok mars, helstu vanskil og varasjóð. Einnig fór hún yfir dreifingu lána eftir atvinnugreinum og staðsetningu.

7. Fundargerðir lánanefndar

Fundargerð lánanefndar nr. 7/14, 13. mars 2014

EGK fór yfir fundargerðina.

...

Fundargerð lánanefndar nr. 8/14, 19. mars 2014

EGK fór yfir fundargerðina.

...

...

Fundargerð lánanefndar nr. 9/14, 26. mars 2014

EGK fór yfir fundargerðina.

...

Fundargerð lánanefndar nr. 10/14, 9. apríl 2014

EGK fór yfir fundargerðina.

...

Fundargerð lánanefndar nr. 11/14, 22. apríl 2014

EGK fór yfir fundargerðina.

...

...

...

...

8. Átak um lækkun orkukostnaðar í brothættum byggðum

AP fór yfir minnisblað um átak til lækkunar orkukostnaðar á Raufarhöfn og í öðrum „brothættum byggðum“. Um er að ræða átak í lækkun orkukostnaðar á Raufarhöfn, í tengslum við samstarfsverkefni á milli Byggðastofnunar, Háskólans á Akureyri, Norðurþings, Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og íbúa á Raufarhöfn. Gert er ráð fyrir að kostnaður Byggðastofnunar verði á bilinu 400-600 þúsund krónur.

AP óskaði eftir heimild stjórnar til að veita allt að 600 þúsund krónum í verkefnið.

Samþykkt samhljóða.

9. Viðbrögð við bráðum vanda sjávarbyggða – minnisblað formanns og forstjóra

Formaður fór yfir minnisblað um stöðu smærri sjávarbyggða sem hann og forstjóri skrifuðu og sendu til atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra.

10. Önnur mál

Yfirlit yfir orkukostnað

SBS fór yfir yfirlit yfir orkukostnað á nokkrum þéttbýlisstöðum. Litlar breytingar hafa orðið frá því í fyrra.

11. Næsti fundur

Næsti fundur verður ákveðinn síðar.

Formaður þakkaði fyrir gott samstarf stjórnar á starfstímabilinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:12

Magnús Helgason, fundarritari
